

Ritrýnireglur Verkfræðingafélags Íslands

Verktækni – Tímarit VFÍ

I. Inngangur

Ritrýnireglur VFÍ eru til leiðbeiningar fyrir höfunda og ritrýnendur. Með reglunum er meðal annars leitast við að fullnægja þeim skilyrðum um ritrýni, sem fram koma í reglum um matskerfi opinberra háskóla.

Eðli málsins samkvæmt verða reglur sem þessar í sífelldri endurskoðun. Allar athugasemdir, ábendingar eða tillögur eru vel þegnar og óskast sendar skrifstofu félaganna.

Við samningu reglnanna voru meðal annars verklags- og ritrýnireglur Læknablaðsins og bókaútgáfunnar Codex hafðar til hliðsjónar.

II. Markmið ritrýni

Handrit greina er eingöngu ritrýnt berist ósk þess efnis frá höfundi. Ritnefnd velur þá tvo ritrýnendur úr hópi fremstu sérfræðinga á því sviði sem greinin varðar til að annast ritrýnina í samræmi við neðangreint verklag. Ritrýnin er ávallt nafnlaus.

Ritrýni handrita er ætlað að tryggja fræðilegar kröfur, en hún er einnig öðrum þræði þjónusta við höfunda og nauðsynlegur þáttur í því ferli að rita góða fræðigreinin.

III. Forsendur ritrýni

Þegar handrit er metið af ritrýnanda er hugað að (1) frumleika handrits og framlagi til þekkingar á fræðasviðinu samkvæmt kröfum um inntak og gæði akademískra rannsókna á háskólastigi. Áhersla er lögð á (2) nákvæmni, skýrleika fræðilegrar umfjöllunar og samræmi hennar við viðurkenndar aðferðir á sviði verkfræðilegra rannsókna. (3) Sérstaklega er lagt mat á hvort handritið hafi í heild sinni vísindalegt gildi, þ.e. hvort stefnt sé að því með viðurkenndum aðferðum að skapa nýja þekkingu á viðkomandi sviði innan verkfræðinnar.

IV. Verklag ritrýni

Óski höfundur þess að handrit verði ritrýnt velur ritnefnd tvo ritrýnendur. Við val á ritrýnendum er tekið mið af sérþekkingu þeirra á því sviði sem handritið varðar. Ritnefnd tryggir að höfundur öðlist ekki upplýsingar um val á ritrýnendum. Nafnleynd ritrýnanda er því skilyrði ritrýni. Að sama skapi tryggir ritnefnd að ritrýnendur öðlist ekki upplýsingar um höfund handritsins.

Ritrýnendum er fyrst og fremst ætlað að fara yfir fræðilegt innihald handrits í samræmi við ofangreindar kröfur. Hvor ritrýnandi um sig skal skila athugasemdum sínum til ritnefndar, þar sem settar skulu fram hugmyndir og tillögur um mögulegar úrbætur. Ritrýni skal vera nægilega nákvæm og skýr til þess að höfundur fái fullan skilning á gagnrýni, hugmyndum og tillögum ritrýna. Athugasemdir skulu vera eins uppbyggilegar og unnt er, jafnvel þótt endanlegur dómur ritrýnanda sé neikvæður. Æskilegt er að ritrýnendur dragi saman meginniðurstöður sínar í upphafi, en setji síðan í kjölfarið fram nákvæmari útlistanir og athugasemdir. Ritrýnendur eru í þessu efni sérstaklega hvattir til að leggja til styttingar, sé það unnt án þess að fræðilegt innihald rýrni.

Ritrýnendur skulu gera tillögu til ritnefndar um hver eftirtalinna leiða skuli valin:

(1) Fræðigreinin fullnægir kröfum um ritrýni, greinin verði birt.

(2) Fræðigreinin fullnægir kröfum um ritrýni ef höfundar gerir minniháttar breytingar.

(3) Greinin verði ritrýnd að nýju eftir endurskoðun.

(4) Greininni verði hafnað.

Séu ritrýnendur ósammála í mati sínu ákveður ritnefnd hvaða afgreiðslu viðkomandi handrit fær.

Fái handrit dóm (1) hjá ritrýnanda, og fullnægir því kröfum um ritrýni, mun ritnefnd að jafnaði hafa umsjón með því að greinin verði búin til útgáfu í samvinnu við höfund og er þá hlutverki ritrýnenda lokið. Fái handrit dóm (2) hjá ritrýnanda tekur ritnefnd ákvörðun um hvort handrit verði sent aftur til ritrýnenda eftir að höfundur hefur brugðist við athugasemdunum. Bregðist höfundur hins vegar ekki við athugasemdunum eða séu breytingar höfundar ófullnægjandi að mati ritrýnenda eða ritnefndar er heimilt að hafna útgáfu handritsins.

V. Leiðbeiningar um framsetningu

Miðað er við að framsetning efnis sé í samræmi við venjur sem gilda í virtum erlendum vísindatímaritum. Nota skal APA kerfið við framsetningu efnis, þetta á m.a. við um gerð heimildaskrár, tilvísanir í texta, töflur og myndir, kaflafyrirsagnir og lengd beinna tilvitnanna. Reglur um framsetningu má m.a. finna *Gagnfræðakveri handa háskólanemum (2007)* eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson. Handritstexti skal vera með 12 pt. letri (Times New Roman) og línubili 1,5. Einfalt orðabil skal vera á eftir punkti. Nota skal íslenskar gæsalappir. Greinar skulu vera vel yfirfarnar með tilliti til málfars og framsetningar. Lengd handrita skal að jafnaði vera 4000-6000 orð. Fremst í grein skal koma fram heiti greinar og höfunda/r og stutt yfirlit yfir náms- og starfsferil ásamt mynd.

Í upphafi skal vera stuttur úrdráttur á íslensku og ensku.

Lögð er áhersla á að gott myndefni fylgi greinum. Myndir og töflur skulu vera með sem einföldustu sniði og í sér skjölum. Myndir skulu vera á JPG formi og í prentgæðum en töflur í excel skjali.

VI. Viðmið við ritrýni

Eftirfarandi viðmið eru leiðbeinandi um mat á greinum, hvort ritrýnendur og ritnefnd telja þær hæfar til birtingar. Ritrýnendur fá sérstakt eyðublað sem þeir fylla út.

- Að útdráttur sé í samræmi við innihald og titill sé lýsandi.
- Að efnistöfum og tilgangi sé lýst í inngangi.
- Að grein sé gerð fyrir fræðilegu samhengi og nýjustu rannsóknum, mikilvægi rannsóknarefnisins, tilgangi rannsóknarinnar, rannsóknarspurningum, rannsóknarsniði, rannsóknaraðferðum og úrvinnslu gagna.
- Að niðurstöður séu settar fram með skýrum hætti, studdar gögnum og rannsóknarspurningunum sé svarað.
- Að ályktanir séu studdar gögnum og fræðilegri umræðu.
- Að greinin bæti við skilning og þekkingu á fræðasviðinu.
- Að uppbygging greinarinnar sé skilmerkileg með tilliti til inngangs, meginmáls og niðurlags.
- Að skráning heimilda sé í samræmi við APA-kerfið.
- Að vandað sé til frágangs og málfars.

Ekki er greitt fyrir greinaskrif eða ritrýni.